



Til: Byggingafulltrúi <bygg@eyjaogmikla.is>
Efni: Re: Fw: Umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Þingskálanesi í Helgafellssveit
Upplýsingar: Sent: 22.10.2018 18:44:34 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018100007

Tilvísun í mál: 2018100007

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 9. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um byggingu á húsi, geymsluhúsi, á Þingskálanesi í Helgafellssveit, á byggingarreit merktum A1 samkvæmt tillögu að deiliskipulagi sem ekki hefur tekið gildi. Reiturinn er ætlaður til bygginga á aðstöðuhúsi, fyrir starfsfólk, efni og tæki, fyrir svæðið í heild samkvæmt innsendri tillögu að deiliskipulagi (hér er væntanlega vísað í fyrrgreint ósamþykkt deiliskipulag hvað varðar aðstöðuhús).

Að mati Náttúrufræðistofnunar er óljóst í erindinu hvers vegna sótt er um að reisa geymsluhús þar sem ekki er búið að samþykkja deiliskipulag fyrir svæðið sem það á að þjóna. Vaknar sú spurning hvort nýta eigi húsið sem frístundahús. Í innsendu erindi kemur einnig fram að í aðalskipulag segi að heimilt sé að byggja 4 hús á viðkomandi landareign án þess að farið sé í gerð deiliskipulags á svæðinu. Eftir því sem Náttúrufræðistofnun kemst næst verður að liggja fyrir deiliskipulag þó fyrrgreind heimild sé fyrir hendi.

Rétt er einnig að benda á að þó lög um vernd Breiðafjarðar nái ekki inn til lands þá eru tilgreindir varpstaðir rétt við verndarsvæðið og einn þeirra á eyju sem er innan verndarsvæðisins. Aðgerðir utan verndarsvæðisins sem geta haft bein áhrif á búsvæði arna við Breiðafjörð þarf að skoða sem heild.

Þann 29. september sl. sendi Náttúrufræðistofnun byggingarfulltrúa Helgafellssveitar meðfylgjandi trúnaðarupplýsingar um staðsetningu á fjórum skráðum varpstöðum / óðulum arna á Þingskálanesi, sjá einnig meðfylgjandi 19. gr. laga nr. 64/1994. Af fjórum varpstöðum eru þrjár varpstaðanna í næsta nágrenni við fyrirhugað hús og þar af einn vel innan við 500 m fjarlægð. Ef framangreint ósamþykkt deiliskipulag er skoðað má einnig sjá að það getur ógnað þremur af fjórum þekktum varpstöðunum arna á svæðinu, þeim sem liggja nyrst og austast.

Í ljósi þess sem kemur fram hér að framan getur Náttúrufræðistofnun ekki mælt með því að framangreint byggingarleyfi / deiliskipulag verði samþykkt og leggur til að tillaga að deiliskipulagi fyrir svæðið í heild verði endurskoðuð með það að markmiði að það taki fullt tillit til þekktra varpstaða arna á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Re: Þingskálanes 

Kristinn H Skarphéðinsson to: Byggingafulltrúi

26.09.2018 17:29

Cc: tra, Trausti Baldursson

1 attachment



Sauranes_arnarvarp.docx

Sæll Ragnar

Vísa í samtal okkar fyrr í dag um erni og arnarvarp í Sauranesi í Helgafellssveit. Hjálagt er mynd sem sýnir nokkurn veginn hvar ernir hafa orpið með vissu á þessu svæði. Auk þess telur Traust Tryggvason að gamlan varpstað sé að finna upp á klettaborg sem ég hef ekki upplýsingar um við hendina.

Varpstaðir arna og nánasta umhverfi þeirra eru sérstaklega verndaðir skv lögum nr. 64/1994 og eins er umferð í grennd við arnarhreiður takmörkunum háð, sbr neðangreint.

bestu kveðjur,

Kristinn Haukur Skarphéðinsson
Náttúrufræðistofnun Íslands

Lagasafn. Íslensk lög 1. september 2018. Útgáfa 148c. Prenta í [tveimur dálkum](#).

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

1994 nr. 64 19. maí

.....

[19. gr. *Ernir*.

Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.

Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m

hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á. Heimilt er þó að stugga við örnum sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hættu búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan 2 km frá varpstað. Ráðherra setur reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við örnum í friðlýstum æðarvörpum.

[Ráðherra] 1) getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannaðágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá er Umhverfisstofnun heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem [ráðherra] 1) setur um meðferð upplýsinga úr skránni. Heimilt er þó að veita landeiganda upplýsingar um arnarhreiður á landareign hans og öðrum sem er nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar, t.d. vegna mannvirkjagerðar í almannaðágu.] 2)

1) [L. 126/2011, 189. gr.](#) 2) [L. 94/2004, 10. gr.](#)

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html>

From: Byggingafulltrúi <bygg@eyjaogmikla.is>
To: <kristinn@ni.is>
Date: 09/26/2018 01:51 PM
Subject: Þingskálanes

Kveðja

Ragnar Már Ragnarsson

Skipulags-og byggingafulltrúi

Eyja-og Miklaholtshrepps

S. 852-7575

[attachment "2017-11-22-Þingskálanes-Deiliskipulagstillaga (002).pdf" deleted by Kristinn H Skarphéðinsson/NI.IS]

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 09/10/2018 10:36:34
Til: Elínborg Þorgrímsdóttir/NI.IS@NI.IS
cc: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Þingskálanesi í Helgafellssveit

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 09.10.2018 10:36 -----

From: Byggingafulltrúi <bygg@eyjaogmikla.is>
To: <ust@ust.is>, <magnus@minjastofnun.is>, <ni@ni.is>
Date: 09.10.2018 09:50
Subject: Umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Þingskálanesi í Helgafellssveit

Góðan dag

Ragnar M. Ragnarsson heiti ég og er skipulags-og byggingarfulltrúi í Helgafellssveit.

Eigandi á landskika í sveitinni hefur óskað eftir því að byggja 1 hús á landinu sínu og hefur hann óskað eftir byggingarleyfi fyrir því. Samkvæmt aðalskipulagi Helgafellssveitar er honum heimilt að byggja 4 hús án þess að fara í deiliskipulag af svæðinu.

Haldinn var fundur í skipulags-og byggingarnefnd Helgafellssveitar þar sem málið var tekið fyrir. Var það niðurstaða nefndarinnar að óska eftir umsögn vegna málsins. Ég óska því eftir umsögn ykkar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Ég læt fylgja með uppdrátt af húsinu sem óskað hefur verið eftir að byggja. Einnig læt ég fylgja með deiliskipulag, sem eigendurnir létu vinna, til að sýna þeirra framtíðarsýn þeirra af svæðinu, en ég tek það fram að það er ekki verið að óska eftir því að auglýsa það í þessari umsókn, einungis þetta eina hús. Hafið þið hins vegar athugasemdir við deiliskipulagið væri gott að fá þær fram núna.

Sé óskað eftir frekari upplýsingum er velkomið að hafa samband við mig.

Umsagnarfrestur er til 19. október 2018

Kveðja
Ragnar Már Ragnarsson
Skipulags-og byggingafulltrúi

Helgafellssveitar
S. 852-7575



2018-08-27-Bingskálanes-Geymsla-Aðaluppdrættir.pdf



2017-11-22-Bingska?lanes-Deiliskipulagstillaga (002).pdf



Bingskálanes-kort fyrir umsagnaraðila.pdf